

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 4. október kl. 09:35, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 746. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Jón Kjartan Ágústsson, Birkir Ingibjartsson, Lilja Grétarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir og Haukur Hafliði Nínuson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Barmahlíð 18, (fsp) skipta íbúð 01 0101 í** (01.702.1) Mál nr. SN190548
tvær íbúðir Skjalnr. 11949
620807-0600 Grófin viðskiptaþróun ehf, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlökkverssonar dags. 16. september 2019 ásamt bréfi dags. 16. september 2019 um að skipta íbúð merkt 01 0101 í húsinu á lóð nr. 18 við Barmahlíð í tvær íbúðir, samkvæmt uppd. Mansard - teiknistofu ehf. dags. 15. september 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Barmahlíð 28, (fsp) svalir** (01.702.1) Mál nr. SN190540
Skjalnr. 11129
Ingvar Barkarson, Barmahlíð 28, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ingvars Barkarsonar dags. 31. júlí 2019 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 28 við Barmahlíð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Básendi 12, Bílskúr** (01.824.015) Mál nr. BN056156
Skjalnr. 11581
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Básenda. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Stærð: 64,2 ferm., 200,4 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

4. **Laugavegur 59, Breytingar á innra skipulagi.** (01.173.019) Mál nr. BN056693
Skjalnr. 7587
550570-0259 Vesturgarður ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að skipta veitingarstað upp í tvö rými, rými 201 sem áfram verður veitingarstaður í flokki II tegund ? fyrir 34 gesti og rými 0203 sem verður að skrifstofum og hafa bæði rými aðgang að sameiginlegum salernum í rými 0208 í húsi á lóð nr. 59 við Laugarveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
5. **Tjarnargata 10D, (fsp) setja kvist og svalir** Mál nr. SN190532
Skjalnr. 14179
Katrín Sif Einarsdóttir, Tjarnargata 10D, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Katrínar S. Einarsdóttur dags. 28. ágúst 2019 um að setja kvist með svölum á bakhlið hússins á lóð nr. 10D við Tjarnargötu, samkvæmt skissu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.
6. **Bræðraborgarstígur 1 og 3, (fsp) sameining lóða, stækkun húss o.fl.** Mál nr. SN190574
Skjalnr. 6253
520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hannesar Rafnssonar dags. 24. september 2019 um að sameina lóðirnar nr. 1 og 3 við Bræðraborgarstíg, hækka húsin um eina hæð/rishæð, byggja í opin rými milli húsa og byggja bílajakjallara undir hluta garðrýmis, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 23. september 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2019.
7. **Hafnarstræti 18, (fsp) stækkun húss** (01.140.3) Mál nr. SN190572
Skjalnr. 7175
700104-2650 Suðurhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 23. september 2019 ásamt greinargerð dags. 20. september 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 18 við Hafnarstræti sem felst í byggingu 23,5 fm. viðbyggingar við austurhlið hússins, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 20. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. september 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2019 samþykkt.
8. **Kárástígur 7, (fsp) lengja kvist, setja svalir o.fl.** (01.182.3) Mál nr. SN190556
Skjalnr. 14183
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kurt og Pí ehf. dags. 17. september 2019 um að lengja kvist og setja svalir á austurhlið hússins á lóð nr. 7 við Kárástíg ásamt því að setja nýjan glugga á austurhlið hússins og hurð á suðurhlið hússins, samkvæmt uppdr. Kurt og Pí ehf. dags. 12. september 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2019 samþykkt.
9. **Dvergshöfði 27, (fsp) stækkun húss o.fl.** (04.063.1) Mál nr. SN190538
Skjalnr. 9555
430801-2520 Stálsmiðjan-Framtak ehf., Vesturhrauni 1, 210 Garðabær
Helgi Mar Hallgrímsson, Laugarnesvegur 56, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 10. september 2019 um stækkun atvinnuhúsnæðis að Dverghöfða 27 sem felst í að hækka húsið um eina til tvær hæðir fyrir skrifstofur en áfram verða iðnaðar-, verslunar- og þjónusturými á jarðhæð og í kjallara, byggja yfir bílastæði á baklóð og gera garð ofan á nýrri plötu ásamt fleiri stæðum, en innkeyrsla að þeim verður frá Dverghöfða þar sem keyrt er undir hluta hússins á suðvesturhorni þess, samkvæmt tillögu Arkþing ehf. ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Elliðaárdalur frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut, framkvæmdaleyfi** (04.2) Mál nr. SN180786
Skjalnr. 5813
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 7. nóvember 2018 ásamt verklýsingu ódags. um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar veitukerfa í Elliðaárdal, áfanga 2, frá Rafstöðvarvegi vestur fyrir Reykjanesbraut, samkvæmt teikningahefti Veitna ohf. dags. í september 2018. Einnig er lögð fram ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu dags. 3. september 2018, áætlun um vöktun Elliðaáa vegna þverunar Veitna ódags., kynningaráætlun Veitna vegna endurnýjunar veitukerfa dags. 17. apríl 2019, fornleifaskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 30. september 2019, umsögn Fiskistofu dags. 26. september 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. október 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
11. **Klettagarðar 7, breyting á deiliskipulagi** (01.330.7) Mál nr. SN190481
Skjalnr. 13611
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
420589-1319 Sindraport hf., Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 19. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 7 við Klettagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er minnkaður og færður til suðvesturs og aðkoma á norðvesturhluta lóðar færist til norðausturs samkvæmt uppdrætti ASK Arkitekta dags. 19. ágúst 2019.
Lagfærð bókun frá embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019. Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Klettagörðum 1, 3, 4, 5, 9 og 11 og Korngörðum 2.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
12. **Kjalarnes, Sætún, (fsp) hækkun nýtingarhlutfalls** Mál nr. SN190579
Skjalnr. 10219
440406-0840 Kjalarnes ehf., Sundaborg 1, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristins Gylfa Jónssonar dags. 24. september 2019 ásamt bréfi dags. 24. september 2019 varðandi hækkun nýtingarhlutfalls atvinnulóða A og B úr 0.37 í 0.41 á lóðinni nr. 1 við Sætún á Kjalarnesi vegna skerðinga á lóðunum fyrir veghelgunarsvæði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.
13. **Mosfellsbær, deiliskipulagslýsing** Mál nr. SN190547
Skjalnr. 6368
470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram bréf Mosfellsbæjar dags. 12. september 2019 ásamt deiliskipulagslýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir verslunar, þjónustu- og athafnasvæði í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ. Lýsingin er send til kynningar/umsagnar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

14. **Skarfagarðar 2, breyting á deiliskipulagi** (01.321.7) Mál nr. SN190584
Skjalnr. 14188

500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Lögð fram umsókn DAP ehf. dags. 26. september 2019 ásamt bréfi dags. 25. september 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis, Skarfabakka vegna lóðarinnar nr. 2 við Skarfagarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á norðvestur horn reitsins. Nýtingarhlutfall jarðhæðar fer úr 0.5 í 0.56 og nýtingarhlutfall millipalla í 0.25, samkvæmt upprætti DAP dags. 25. september 2019. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 20. september 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

15. **Tunguháls 5, breyting á deiliskipulagi** (04.327.2) Mál nr. SN190583
Skjalnr. 9699

700176-0299 Tunguháls ehf., Tunguhálsi 5, 110 Reykjavík
540212-2790 Verkfræðistofa Ívars Hauks ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ívars Haukssonar dags. 26. september 2019 ásamt minnisblaði ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálshverfis vegna lóðarinnar nr. 5 við Tunguháls. Í breytingunni felst að hækka nýtingarhlutfall lóðar út 0.7 í 1.1, stækka byggingarreit fyrir viðbyggingu á norðvestur og suðaustur enda byggingar og breyta bílastæðakröfum, samkvæmt upprætti Verkfræðistofu Ívars Haukssonar dags. 22. september 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

16. **Öskjuhlíð, breytingar og uppbygging** (01.751.2) Mál nr. SN190355
Skjalnr. 5599

630905-1170 Mjólnir, félag, Flugvallarvegi 3-3a, 101 Reykjavík
Lagður fram tölvupóstur skrifstofu borgarstjórnar dags. 28. maí 2019 þar sem erindi Gunnars Einarssonar f.h. Mjólnis dags. 5. nóvember 2018 um breytingar og uppbyggingu í Öskjuhlíð er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig er lögð fram greinargerð og tillögur ódags. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 27. ágúst 2019. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

17. **Döllugata 2, Einbýlishús með aukaíbúð** (05.113.705) Mál nr. BN056061
Skjalnr. 13724

Helga Björk Haraldsdóttir, Holtagerði 7, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum

bílskúr á lóð nr. 2 við Döllugötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. október 2019.

Erindi fylgir mæliblað 5.113.7 dags. 21. febrúar 2008 og hæðablað 5.113.7 útgefið 11. mars og breytt 22. maí 2008. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019. Stærð: A-rými: 319.0 ferm., 1.010.3 rúmm. Gjald 11.200 kr.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

18. **Friggjarbrunnur 32, Byggingarlýsing** (05.053.304) Mál nr. BN055775
uppfærð - svalahandriðum breytt Skjalnr. 11910
Bjartmar Örn Arnarson, Gvendargeisli 42, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN036790 með því að breyta byggingarlýsingu varðandi glugga, innveggi og svalahandrið og úppfyllt rými breytt í geymslu, og þar sem geymslan verður breyt í bað/þvott og komið er fyrir eldhúsi og stofu í kjallara í einbýlishúsi á lóð nr. 32 við Friggjarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Stækkun vegna úppfyllta rýmis er: 17,7 ferm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
19. **Iðunnarbrunnur 10, Parhús** (02.693.704) Mál nr. BN056622
Skjalnr. 14187
Hálf dán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á lóð nr. 10 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Stærðir: A-rými: 276.1 ferm., 962.9 rúmm. B-rými 7.7 ferm. xx rúmm.
Erindi fylgir mæliblað 2.693.7 endurútgefið 11. júní 2019 og hæðablað 2.693.7 útgáfa B3 dags. september 2009. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.
20. **Suðurgata 8, (fsp) hækkun bakhúss** (01.161.1) Mál nr. SN190558
Skjalnr. 5410
Valdimar Birgisson, Akurholt 17, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Valdimars Birgissonar dags. 18. september 2019 ásamt greinargerð ódags. um hækkun á bakhúsi lóðarinnar nr. 8 við Suðurgötu um eina hæð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.
21. **Úlfarsárdalur, reitur E, (fsp) breyting á** (02.6) Mál nr. SN190544
deiliskipulagi Skjalnr. 9615
550812-0100 Landriss ehf., Lág múla 7, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram fyrirspurn Landriss ehf. dags. 13. september 2019 ásamt bréfi dags. 13. september 2019 um

breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna reits E sem felst í að breyta hluta af byggingarmagninu úr verslun og þjónustu í íbúðir, hækka salahæð á jarðhæð þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu í allt að 4,5 metra og fjölga íbúðum. Einnig er óskað eftir skýringum á grein 2.1.2 í skilmálum gildandi deiliskipulags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

22. **Efstaleiti 27B, nýtt lyfsöluleyfi - ósk um** (01.745.2) Mál nr. SN190559
umsögn Skjalnr. 14184

670900-2740 Lyfjastofnun, Vínlandsleið 14, 113 Reykjavík
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 17. september 2019 ásamt bréfi Lyfjastofnunar dags. 5. september 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Efstaleiti 27B. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

23. **Nýlendugata 29, breyting á deiliskipulagi** (01.131.0) Mál nr. SN190582
Skjalnr. 9243

610616-1270 ÁÁ 29 ehf., Hagamel 12, 107 Reykjavík
Bjarni Snæbjörnsson, Naustavör 20, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn Bjarna Snæbjörnssonar dags. 26. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 29 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum hússins úr 5 íbúðum í 7 íbúðir, koma fyrir svölum á suðurhlíð hússins og koma fyrir lyftu í húsinu, samkvæmt uppdrætti bj. Snæ arkitekta dags. 26. september 2019.

Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

24. **Teigagerði 6, (fsp) breyting á notkun** Mál nr. SN190421
bílskúrs Skjalnr. 14191

Inga Jóna Halldórsdóttir, Teigagerði 6, 108 Reykjavík
610711-1030 Gláma/Kím ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ingu Jónu Halldórsdóttur dags. 9. júlí 2019 um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 6 við Teigahverfi í vinnustofu/stúdíó.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

25. **Pósthússtræti 3 og 5, (fsp) veitingastaður** (01.140.3) Mál nr. SN190487
o.fl. Skjalnr. 5892

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2019 ásamt greinargerð dags. 21. ágúst 2019 varðandi veitingastað/Mathöll á 1. hæð og í kjallara hússins á lóð nr. 5 við Pósthússtræti og að yfirbyggja port á lóð nr. 3 við Pósthússtræti og útbúa setsvæði í tengslum við veitingastað/Mathöll. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. október 2019 samþykkt.

26. **Rauðarárstígur 1, málskot** (01.222.1) Mál nr. SN190597
Skjalnr. 13386

530514-2500 Ástrik poppkorn slf., Ásvegi 16, 104 Reykjavík

Lagt fram málskot Ásthildar Björgvinsdóttur og Svavars Þorsteinssonar dags. 3. október 2019 ásamt fylgiskjölum vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 30. ágúst

2019 varðandi breytingu á notkun verslunarrýma á 1 hæð hússins á lóð nr. 1 við Rauðarárstíg í íbúðir (Fnr. 20099593 og F2009594).
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

27. **Sjafnargata 3, Viðbygging við íbúðarhús** (01.196.012) Mál nr. BN056676
Skjalnr. 13195
Aðalheiður Magnúsdóttir, Sjafnargata 3, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypa viðbyggingu með flötu þaki með gróðurþekju sem verður tengd við íbúð í kjallara og 1. hæð á norðvesturhlíð húss á lóð nr. 3 við Sjafnargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2019.
Stækkun viðbyggingar eru: 57,1 ferm., 205,6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2019 samþykkt.
28. **Brautarholt 20, Fjölbýlishús sameina lóð 18 og 20** (01.242.207) Mál nr. BN056695
Skjalnr. 5931
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. september 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. september 2019 þar sem sótt er um leyfi til að sameina lóðir 18 og 20 við Brautarholt í nr. 20, rífa bakhús sem tengt er núverandi matshlutum, einnig er sótt um að byggja nýja inndregna hæð ofan á 5. hæð mhl. 02 og mhl. 01 og innrétta 64 íbúðir á 2.-5. hæð, stækka glugga koma fyrir svölum, byggja stiga og lyftuhús sem og nýtt bakhús við mhl. 03 þar verður hjólageymsla, sorpgeymsla, þvottur og sameiginlegt rými á lóð nr. 20 við Brautarholti. Dregin eru til baka erindi BN056162 og BN056161 með þessu erindi. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun er samtals : 797,7 ferm., 2,754,8 rúmm. Niðurrif er samtals: 555,0 ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 164, 166, 168, 170-172 og 174, Brautarholti 16 og 22 og Skipholti 15, 17, 19 og 21.
29. **Fjólugata 19, Breytingar inni og úti - fjölgun eigna** (01.185.513) Mál nr. BN055935
Skjalnr. 13847
Guðjón Ingi Árnason, Fjólugata 19, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir þremur íbúðum í húsinu, auka salarhæð í kjallara, stækka bílskúr, breyta aðkomutröppum, stækka og sameina svalir á 2. hæð, fjarlægja skorstein og endurnýja þak, einnig er sótt um leyfi til að hækka þak og koma fyrir sorpgeymslu á lóð nr. 19 við Fjólugötu.
Stækkun: Kjallari: 50,3 ferm., 133,2 rúmm. 3. hæð: 57,2 ferm., 145,9 rúmm. Samtals eftir stækkun: 621,5 ferm., 1.8350,2 rúmm. Svalir stækkun: 1. hæð: 30,7 ferm. 2. hæð: 10,7 ferm. 3. hæð: 10,5 ferm. Samtals svalir eftir stækkun: 72,1 ferm. Jafnframt er erindi BN053919 dregið til baka. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. mars 2019, Umsögn burðarþolshönnuðar Verkís dags. 23. ágúst 2019 og minnisblað Verkís um brunahönnun dags. 11. september 2019. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Fjólugötu 17, 19a, 19b, 21 og 21a, Sóleyjargötu 17, 19 og 21 og Laufásvegi 48 og 48a.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
30. **Grundarstígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN190048
Skjalnr. 10741
Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkis arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bergstaðastrætisreits, reitur 1.184.0, vegna lóðarinnar nr. 7 við Grundarstíg. Í breytingunni felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir Grundarstígur 7 og 7B, kvöð er á lóðinni nr. 7 um umferð, sem og heimild til lagnar fráveituheimæðar og annarra lagna, leyfilegt nýtingarhlutfall lóðanna tveggja er aukið, byggingarreitur bílskúrs á lóð 7B stækkar og heimilt er að fjarlægja bílskúr og reisa innan byggingarreitsins íbúðarhús, kjallara og hæð, allt að 120 fm., samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 28. júní til og með 27. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Friðrik Þór Stefánsson dags. 8. ágúst 2019, G. Rósa Eyvindardóttir dags. 9. ágúst, Vigdís Pálsdóttir og Örn Úlfar Höskuldsson dags. 9. ágúst 2019 og Helgi Kristinn Grímsson dags. 9. ágúst 2019. Einnig er lagður fram tölvupóstur Jón Þórs Einarssonar og Þóru Elísabetar Kjeld dags. 6. september 2019.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Grundargerði 28, (fsp) stækkun húss o.fl.** (01.814.2) Mál nr. SN190578
Skjalnr. 14048

Kjartan Gunnarsson, Flétturimi 6, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Kjartans Gunnarssonar dags. 25. september 2019 um hækkun og stækkun hússins á lóð nr. 28 við Grundargerði, setja kvisti og breyta þaki skúrbyggingar norðan við húsið í verönd/svalir, samkvæmt uppdr. Zeppelin arkitekta dags. 6. september 2019.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

32. **Hörgshlíð 10, Forsteypt bílageymsla** (01.730.105) Mál nr. BN054953
Skjalnr. 13999

Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu með forsteyptum sökklum og samlokueggjum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Einnig eru lagðir fram aðaluppdrættir Al-hönnunar ehf. dags. 15. júní 2019 og skuggavarpuppdrættir dags. 16. júlí 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 15. ágúst 2019 til og með 12. september 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendafélagið f.h. húsfélags Hörgshlíð 8 dags. 12. september 2019 og Auður Inga Ingvarsdóttir og Ingólfur Björnsson f.h. þinglýstra eigenda að Hörgshlíð 8 íbúð 201 dags. 12. september 2019.

Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.000

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

33. **Langagerði 22, Kvistir** (01.832.011) Mál nr. BN056643
Skjalnr. 14106

Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 1. október 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að bæta við tveimur kvistum á norður- og suðurhlið ásamt svölum og stiga niður í garð á 1. hæð í fjöleignarhúsi á lóð nr. 22 við Langagerði.

Erindi fylgir afrit af eldri teikningum samþykktum 27. nóvember 1980 og fyrirspurnarteikningum dags. 24. apríl 2019. umboð eigenda íbúðar 01-0101 dags. 23. september 2019 og samþykki meðlóðarhafa áritað á A3 afrit af teikningum A-100 - A-101 dagsettum 3. september 2019. Stækkun: 3.6 ferm., 10.1 rúmm. Gjald kr. 11.200

Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

34. **Ölfus, breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022** Mál nr. SN190595
Skjalnr. 8668

420369-7009 Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn

Lagt fram erindi skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus dags. 2. október 2019 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breyting á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 dags. 4. júní 2019. Í breytingunni felst að breyta notkun á F11 úr frístundabyggð í landbúðarland og einnig svæði fyrir þjónustustofnanir á um 2 ha landi. Aðkoma að landinu er frá Hvammsvegi (374) í samræmi við samþykkt Vegagerðarinnar um aðkomu að svæðinu.

Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.

35. **Stjórnarráð, bréf framkvæmdasýslu ríkisins**

Mál nr. SN190284
Skjalnr. 9570

510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júní 2019 var lagt fram bréf framkvæmdasýslu ríkisins f.h. forsætisráðuneytisins dags. 10. maí 2019 að Reykjavíkurborg heimili að ráðist verði í byggingu á lóð Stjórnarráðsins vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við fyrirhugaða viðbyggingu á lóð Stjórnarráðsins.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:49.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir